



REGLUR UM SKRÁNINGU Í ÆTTBÓK

Gilda frá 1. ágúst 2024

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

1. Almenn	1
2. Ættbókarskráning hvolpa	1
3. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsættbækur	2
4. Skyldur ræktenda	3
5. Undaneldi	3
6. Sæðingar	4
7. Pörunarvottorð og hvolpalisti	4
8. Ræktunarnafn	5
9. Reglur um DNA próf	6
10. Skilyrði ræktunar einstakra hundakynja	6
Tegundahópur 1	7
Tegundahópur 2	9
Tegundahópur 3	11
Tegundahópur 4	12
Tegundahópur 5	12
Tegundahópur 6	13
Tegundahópur 7	13
Tegundahópur 8	14
Tegundahópur 9	16
Tegundahópur 10	18

1. Almennt

Ættbók Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) er eign félagsins. Í ættbók eru skráðir hreinræktaðir hundar af viðurkenndum kynjum. Ættbókin er færð samkvæmt reglum og með viðurkenningu FCI, Alþjóðasamtaka hundaræktarféлага. Stjórn HRFÍ ákveður gjald fyrir skráningar í ættbók. Vottorð hunds úr ættbók (ættbókarskírteini) er ekki gæðavottun heldur staðfestir fyrst og fremst ættir hunds og uppruna.

1. Hundur skal skráður í ættbók í því landi þar sem eigandi á lögheimili. Skráður eigandi ættbókarfærðs hunds skal vera lögráða einstaklingur.

2. Einungis er heimilt að ættbókarfæra hund hjá HRFÍ séu báðir foreldrar hans af sama viðurkennda hundakyni og ættbókarfærðir hjá HRFÍ eða öðru FCI viðurkenndu félagi, án sérstakra athugasemda sem takmarka eða banna ræktun undan þeim.

Í viðauka við ættbók skulu skráðir hundar sem ekki hafa skráða fulla þrjá ættliði, eða af kyni sem HRFÍ viðurkennir en sem ekki hefur verið viðurkennt af FCI, eða sem stjórn HRFÍ ákveður að skulu skráðir þar, til dæmis þar sem undantekning hefur verið gerð og pörun tveggja hundakynja eða afbrigða þeirra leyfð.

Einungis er gefið út eitt ættbókarskírteini fyrir hvern skráðan hund og að sama skapi ein útflutningsættbók (sjá kafla 3 um útflutningsættbækur). Þar skal koma skýrt fram hver er skráður eigandi hunds og ef þeir eru fleiri en einn, hver þeirra er sérstakur ábyrgðaraðili hundsins gagnvart HRFÍ og FCI. Skal hann tilgreindur fyrstur í röð fleiri eigenda.

3. Hundar skulu vera varanlega auðkenndir fyrir ættbókarskráningu. Varanlegt auðkenni skal koma fram í ættbók.

4. Eftir að hundur hefur fengið nafn og númer skráð í ættbók er hvorki hægt að breyta nafni hans í ættbók né í ættbókarskírteini.

5. Komi í ljós að hundur er ekki hreinræktaður eða að hann er undan öðrum hundi en tilgreindur er sem foreldri hans í ættbók, skal stjórn HRFÍ ógilda ættbókarskírteini hans og afskrá hann úr ættbók félagsins.

6. Ef tík þarast með fleirum en einum rakka, skal ræktandi staðfesta faðerni hvolpa með DNA prófi sem hann ber allan kostnað af. Sýnataka skal framkvæmd og vottuð af dýralækni eða starfsmanni rannsóknarstofu og varanlegra auðkenna viðkomandi dýra getið. Skriflegum, vottuðum niðurstöðum skal skilað með öðrum skráningapappírnum þegar sótt er um ættbókarfærslu gotsins.

7. Verði eigendaskipti á hundi ber þeim aðila sem skráður er eigandi hundsins í ættbók, að tilkynna eigendaskiptin til HRFÍ. Senda skal upprunalegt ættbókarskírteini hundsins ásamt skriflegu afsali á hundinum til HRFÍ. Í afsalinu skal koma fram fullt nafn nýs eiganda, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer.

2. Ættbókarskráning hvolpa

1. Sækja skal um ættbókarskráningu hvolpa til HRFÍ á sérstöku og þar til gerðu umsóknareyðublaði. Einungis ræktanda er heimilt að sækja um ættbókarskráningu hvolpa. Með ræktanda er hér átt við eiganda tíkarinnar eða þann aðila sem sannanlega átti rétt til undaneldis á tíkinni við pörun. Ræktandi skal vera fullgildur félagsmaður í HRFÍ við umsókn. Ræktandi sem ekki er fullgildur félagsmaður við pörun, greiðir hærra verð fyrir ættbækur gots.

2. Ræktandi sem nýtur ekki réttinda til skráningar gota eða hefur verið vísað úr félaginu tímabundið eða að fullu, fær ekki ættbókarskráningu á got þar sem þörun átti sér stað á viðurlagátíma. Got undan ræktunardýrum sem sættu ræktunarbanni við þörun, verða ekki skráð síðar í ættbók, jafnvel þótt ræktunarbanni verði aflétt.

3. HRFÍ afhendir/sendir ættbókarskírteini aðeins til ræktanda.

4. Ættbókarfæra skal alla lifandi fædda hvolpa úr sama goti samtímis. Ræktanda er skylt að ættbókarfæra öll got.

5. Óselda hvolpa skal skrá á nafn ræktanda. Umskráning í ættbók frá ræktanda til fyrsta kaupanda/eiganda er ræktanda að kostnaðarlausu.

6. Óheimilt er að ættbókarfæra afkvæmi rakka sem ekki hefur eðlileg og rétt staðsett eistu (launeistu). Hafi rakki ekki verið ræktunardæmdur eftir 9 mánaða aldur eða eigi skráð afkvæmi, skal fylgja umsókn um ættbókarfærslu afkvæma hans vottorð dýralæknis um að eistu hans séu eðlileg og rétt staðsett. Vottorðið skal gefa út eftir sex mánaða aldur rakka.

7. HRFÍ ættbókarfærir einungis hvolpa undan undaneldishundum sem hafa viðurkenndan lit samkvæmt ræktunarmarkmiði kynsins. Hvolpar af lit sem ekki er viðurkenndur eru skráðir í ættbók með ræktunarbanni.

8. HRFÍ ættbókarfærir ekki eyrna- og/eða skottstífða hvolpa í ættbók HRFÍ.

9. Afsal/flutningur á ræktunarrétti: Ræktandi gots er sá aðili sem á tíkina þegar hún er þöruð. Eigandi getur þó afsalað/flutt ræktunarrétt á goti til annars aðila, en það skal þá gert skriflega og skal yfirlýsing vera dagsett og undirrituð fyrir þörun tíkar. Yfirlýsingin þarf að fylgja með öðrum gögnum vegna ættbókarskráningar gotsins. Réttur og skyldur aðila þurfa að koma skýrt fram í yfirlýsingunni. Litið er á ræktunarréttihafa sem eiganda tíkar í skilningi þessara reglna, frá þörunardegi tíkar og þar til hvolpar eru a.m.k. 8 vikna.

3. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsættbækur

1. Innflutt undaneldisdýr, hvort sem er í eigu aðila með lögheimili á Íslandi eða í eigu erlends aðila, þ.m.t. dýr á láns-/leigusamningi, verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Ræktunardýr á láns-/leigusamningi telst vera í eigu leigutaka í skilningi þessara reglna á meðan á láns-/leigutíma stendur samkvæmt samningi við skráðan erlendan eiganda sem framvísa skal til félagsins.

2. Við umskráningu innflutts hunds skal fylgja:

- Ættbókarskírteini (Export pedigree) skráð á þann aðila sem flytur hundinn til landsins. Skírteinið skal vera útgefið af hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI.
- Skriflegt afsal frá þeim aðila sem skráður er eigandi hundsins í ættbókarskírteini, sé um annan eiganda að ræða en þann sem óskar eftir umskráningu.
- Tíkum eldri en 18 mánaða skal fylgja staðfesting frá viðkomandi hundaræktarfélagi á fjölda gota sem skráð hafa verið á þær.

3. Óheimilt er að umskrá innflutta eyrna- og/eða skottstífða hunda í ættbók HRFÍ nema frá þeim erlendu félögum sem leyfa stífangu.

4. Innfluttir hundar af lit sem ekki er viðurkenndur, eru umskráðir í ættbók með ræktunarbanni.

5. Hundaræktarfélag Íslands gefur út útflutningsættbók (*e: Export Pedigree*) á ensku. Varalegt auðmerki hundsins skal koma fram (örflaga eða tattoo). Gefa má út útflutningsvottorð á hund sem skráður er í viðauka við ættbók, en þá aðeins í þeim tilgangi að hann verði skráður í sambærilegan viðauka við ættbók hjá öðru viðurkenndu félagi. Í útflutningsættbók/-vottorði tíkar skal geta fjölda gota sem skráð hafa verið á hana.

4. Skyldur ræktenda

1. Ræktanda er skylt að taka á móti fulltrúa HRFÍ til að hægt sé að fylgjast með aðbúnaði, heilbrigði og vellíðan hunda hans. Ræktandi er jafnframt skyldugur til mæta með hunda í hans eigu eða úr hans ræktun til blóð- eða vefjasýnatöku til sönnunar á ætterni þeirra eða ætterni skráðra afkvæma þeirra. Sömu skyldu hafa allir allir félagsmenn HRFÍ sem eiga hunda sem eru ættbókafærðir í ættbók HRFÍ, sé krafist sönnunar á ætterni hunda þeirra. Hundaræktarfélag Íslands ber allan kostnað vegna sýnatöku og rannsókna, nema í þeim tilfellum þar sem í ljós kemur að skyldleiki er á skjön við fullyrðingar ræktanda. Í þeim tilfellum ber ræktandi allan tilfallinn kostnað.

2. Mæti þeir aðilar ekki sem boðaðir eru í sýnatöku sbr. 1. gr. þessa kafla, er stjórn HRFÍ heimilt að setja ræktunarbann og/eða afkvæmi þeirra í ræktunar- og sýningarbann þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

3. Ræktanda er skylt, sé fram á það farið, að svara Hundaræktarfélagi Íslands skriflega öllum upplýsingum er máli skipta varðandi ræktun þeirra hunda sem eru í hans eigu eða umsjón, s.s. upplýsingum um pörun, nöfn og heimilisföng hvorpakaupenda, dagsetningar á sölu hunda o.þ.h.

5. Undaneldi

1. Stjórn HRFÍ getur svipt eiganda/rétthafa hunds rétti til undaneldis hans eða sett skilyrði fyrir notkun hans til ræktunar.

2. Stjórn HRFÍ getur takmarkað ræktun einstakra hundakynja, liggi til þess brýn ástæða, t.d. af heilbrigðisástæðum eða vegna óæskilegra tegundabundinna einkenna kynsins.

3. Stjórn HRFÍ getur heimilað ræktanda að setja ræktunarbann með eða án sýningarbanns á hund úr sinni ræktun, við ættbókarskráningu hans. Skal bannið rökstutt með greinargerð sem staðfestist af kaupanda ef hann er til staðar. Stjórn HRFÍ getur eitt aflétt ræktunar- og sýningarbanni, krefjist ræktandinn þess.

4. Lágmarksaldur tíka við pörun er 24 mánuðir, nema annað sé tekið fram í kafla 10 um skilyrði ræktunar einstakra hundakynja.

5. Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunavottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Einungis er heimilt að taka eitt got frá tík eftir 8 ára aldur.

Óheimilt er að para tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður og aldrei skyldi para tík sem náð hefur 10 ára aldri. Hvolpar úr slíkum gotum fást ekki ættbókarfærðir.

6. Tík skal að hámarki eiga fimm got um ævina, öll got meðtalin. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld á milli gota, ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.

Tík sem hefur tvisvar gengist undir keisaraskurð má ekki nota áfram til undaneldis. Hvolpar undan henni fást ekki ættbókarfærðir.

6. Sæðingar

1. Sæðingar ætti einungis að nota til að bæta ræktun í samræmi við hlutverk og tilgang HRFÍ.

Sæðing getur átt rétt á sér:

- Hafi hundurinn orðið fyrir slysi sem varni honum að para eðlilega.
- Með djúpfrystu sæði hunda sem ekki eru til staðar.
- Til varnar útbreiðslu smitandi sjúkdóma.

Sæðing telst ekki réttlætanleg:

- Sýni hundurinn og/eða tíkin litla eða enga æxlunarhvöt,
- Sé hundurinn eða tíkin haldin líkamlegum sjúkdómi eða galla sem hvorki stafar af slysi né veikindum en hindrar eðlilega þörun.

2. Upplýsingar um sæðingu skulu veittar á þörunarvottorði og skal vottorð dýralæknis sem framkvæmdi sæðistöku og sæðingu fylgja með þar fram kemur staðfesting á varanlegum auðkennum dýranna og dagsetningar sæðistöku/sæðingar. Notast skal við sæðingarvottorð HRFÍ.

7. Þörunarvottorð og hvolpalisti

1. Þörunarvottorð skal fylgja umsókn um skráningu hvolpa í ættbók HRFÍ. Þörunarvottorð skal undirritað að viðlögðum drengskap af eiganda undaneldishunds og tíkar sem staðfesting á að tiltekin þörun hafi átt sér stað á tilgreindum tíma. Undirskrift tíkareigandans er enn fremur staðfesting þess að á lóðartímabilinu hafi tíkin einungis verið þöruð við þann eina hund sem tilgreindur er í þörunarvottorði og að ræktandi hafi kynnt sér reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.

2. Í þörunarvottorði skal gefa upplýsingar um eftirfarandi, auk annars sem HRFÍ telur ástæðu til að leita upplýsinga um:

- Nafn, kennitölu og heimilisfang ræktanda.
- Ræktunarnafn sé ræktandi handhafi þess.
- Nafn, kennitölu og heimilisfang þess aðila sem átti rétt til undaneldis á rakkanum þegar þörun fór fram.
- Nöfn tíkar og undaneldishunds, fæðingardag þeirra, ættbókarnúmer og dagsetningu þörunar.
- Dagsetningar og niðurstöður heilsufarsskoðana undaneldisdýra, ef við á.
- Bestu einkunn á sýningum eða ræktunarskoðunum sem HRFÍ viðurkennir.
- Fæðingardag hvolpa, fjölda og kyn.

3. Listi með varanlegum auðkennum hvolpanna skal fylgja með þörunarvottorði. Listinn skal staðfestur með undirritun örmerkingaraðila.

4. Hvolpalisti skal innihalda eftirfarandi:

- Nafn hvolps í ættbók, kyn, lit, stærð, feldgerð og skottlengd, þar sem það á við.
- Nafn, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang hvolpakaupanda.

Hvolpalistinn er jafnframt staðfesting ræktanda á að tilgreindir kaupendur sem skráðir eru í ættbókarskírteini hvolpanna eru um leið lögmætir eigendur þeirra.

8. Ræktunarnafn

1. Ræktunarnafn er sérnafn, skráð hjá HRFÍ og FCI, sem félagsmaður HRFÍ getur fengið einkarétt á til að auðkenna alla ættbókarfærða hunda úr ræktun sinni skv. reglum FCI. Ræktunarnafn skal standa á undan nafni hundsins í ættbók.
2. Umsækjandi ræktunarnafns skal vera lögráða, með lögheimili á Íslandi og félagsmaður í HRFÍ. Umsóknin skal vera á þar til gerðu eyðublaði og berast til skrifstofu HRFÍ. Í umsókninni skal koma fram hvort ræktandi óski eftir að nafnið verði skráð afturvirktt á þá hunda sem hann hefur þegar ræktað og skráðir eru í ættbók HRFÍ. Ekki verða gefin út ný ættbókarskírteini af þessu tilefni, heldur gerðar viðhlítandi breytingar í tölvuskram félagsins.
3. Auðkenna skal got með eigin ræktunarnafni. Ekki er heimilt að auðkenna got með ræktunarnafni annars ræktanda. Ræktunarnafn verður að vera greinilega aðskilið öðrum viðurkenndum ræktunarnöfnum. Ræktanda sem ekki á ræktunarnafn er óheimilt að auðkenna got með nafni sem misskilja má sem ræktunarnafn.
4. Hvert ræktunarnafn skal skráð á nafn eins einstaklings sem ber ábyrgð á notkun þess gagnvart HRFÍ og FCI. Allt að þrjú ræktendur geta þó átt með sér samstarf undir einu ræktunarnafni, enda sé sérstaklega sótt um það og umsóknin hljóti viðurkenningu HRFÍ og FCI. Einn aðili skal þó sérstaklega ábyrgur fyrir því að reglum FCI og HRFÍ sé fylgt í hvívetna varðandi ræktun og skráningu hvers gots fyrir sig, og er það sá aðili sem tilgreindur er fyrstur í röð ræktenda í innsendum gotskráningagögnum. Komi til samstarfsslita aðila að ræktunarnafni, skulu þeir tilkynna HRFÍ um það skriflega. Staðfesta þarf með undirritun allra aðila, samkomulag þeirra um að einn eða fleiri samstarfsaðilar verði áfram rétthafar ræktunarnafns. Að öðrum kosti verður ræktunarnafnið ekki notað áfram.
5. Umsækjandi um ræktunarnafn skal skrifa undir yfirlýsingu þess efnis, að hann hafi kynnt sér grundvallarreglur HRFÍ um hundarækt og sölu hunda og að hann muni virða þær, sem og aðrar reglur og lög HRFÍ. Hann skal ennfremur geta sýnt fram á góða umönnun og aðbúnað hunda sinna gagnvart eftirlitsaðilum HRFÍ.
6. Ræktandi getur einungis ræktað og skráð got í því landi þar sem hann á lögheimili og ræktunarnafn hans er skráð í. Við búferlaflutninga til annars FCI lands er það á ábyrgð hans að flytja skráningu nafnsins til hundaræktarfélags viðkomandi lands áður en hann skráir got þar. Undanþágur má gera, eigi ræktandi nýtt lögheimili í landi þar sem ekki eru gefnar út FCI viðurkenndar ættbækur.
7. Sé tík í eigu tveggja eða fleiri aðila sem eiga ekki sameiginlega skráð ræktunarnafn (einn eða fleiri eiga þó ræktunarnafn), geta afkvæmi tíkarinnar ekki fengið ræktunarnafn. Sama á við sé tík í eigu eins aðila sem á ræktunarnafn með fleirum, en ekki sitt eigið.
8. Séu tveir aðilar skráðir ræktendur hunds og aðeins annar er rétthafi ræktunarnafns, má ekki skrá hundinn afturvirktt undir ræktunarnafninu þótt hinn aðilinn gangi síðar inn í það. Sama á við, sé einn aðili skráður ræktandi hunds og hann er rétthafi ræktunarnafns með fleirum, ekki er hægt að skrá fleiri ræktendur á hundinn afturvirktt.
9. Hver ræktandi getur einungis skráð eitt ræktunarnafn fyrir hvert eitt hundakyn sem hann ræktar, nema um sé að ræða ræktunarsamstarf fleiri aðila (e. co-breeders). Ræktandi getur skráð mismunandi ræktunarnöfn fyrir fleiri hundakyn sem hann ræktar og þau ræktunarsamstörf sem hann er aðili að. Skráðu ræktunarnafni er ekki hægt að breyta eða skipta út fyrir nýtt nafn.
10. Notkun ræktunarnafns er bundin félagsaðild rétthafa þess. Réttur til ræktunarnafns fellur niður við:

- a) Andlát rétthafa nafnsins.
- b) Samstarfsslit, sbr. 4.tl. í kafla 8.
- c) Sviptingu leyfis til að nota ræktunarnafn samkvæmt siðareglum.

11. Framsal ræktunarnafns er óheimilt þegar mál félagsmanns er til meðferðar hjá siðanefnd eða hann sætir viðurlögum.

12. Stjórn HRFÍ getur í undantekningartilvikum leyft nýjum aðila að yfirtaka ræktunarnafn. Viðkomandi þarf að geta sýnt fram á að rétthafi ræktunarnafnsins hafi sannanlega ætlað honum að taka við ræktunarstarfi sínu, hvort heldur er að honum lífs eða liðnum. Um slíka yfirtöku getur þó aldrei verið að ræða séu meðeigendur að ræktunarnafninu.

13. Ræktanda er skylt að kaupa ræktunarnafn við ættbókarskráningu þriðja gots.

14. Reglur þessar gilda eftir því sem við á jafnt um þann sem skráður er sérstaklega ábyrgur fyrir ræktun og aðra sem aðild eiga að því.

9. Reglur um DNA próf

1. Sýni, hvort sem um ræðir blóð, stroku- eða annars konar sýni, skulu tekin af dýralækni.

2. Þegar DNA sýni eru tekin er gerð krafa um að varanlegt auðkenni (örmerki eða tatto) hundsins sé skoðað og staðfest af þeim dýralækni sem tekur sýnið. Auðkenni þarf einnig að koma fram á niðurstöðuvottorði frá rannsóknarstofu.

3. Stjórn HRFÍ getur gefið út lista yfir viðurkenndar rannsóknarstofur.

10. Skilyrði ræktunar einstakra hundakynja

1. Stjórn HRFÍ hefur staðfest eftirfarandi reglur fyrir ræktun og ættbókarskráningu einstakra hundakynja, í samvinnu við viðkomandi ræktunardeildir, vísindanefnd og ræktunar- og staðlanefnd félagsins. Gildar ástæður liggja að baki þeim kröfum sem fram eru settar og áriðandi að ræktendur noti einungis þá hunda til undaneldis sem uppfylla kröfurnar. Got undan ræktunardýrum sem ekki uppfylla kröfur, eiga á hættu að fá ekki ættbókarskráningu og eru ræktendur undantekningarlaust kærðir til Siðanefndar HRFÍ.

Um kröfur til undaneldisdýra er varða sýnatöku, myndatöku, greiningu rannsóknarstofu eða dýralæknis eða hvers kyns vottorð, gildir, að niðurstaða skal kunn/dagsetning vottorða skal vera fyrir þörun og fylgja með skráningu í ættbók.

2. Sé annað ekki tekið fram, er lágmarksaldur hunda í mjaðma- og olnbogamyndatöku 12 mánuðir. Röntgenmyndir af mjöðmum og olnbogum hunda eru sendar til Svíþjóðar. Einnig er hægt að senda myndir til OFA í Bandaríkjunum til aflesturs, en þá verða hundarnir að hafa náð 2ja ára aldri. Fyrir þann aldur er aðeins um bráðabirgða niðurstöður að ræða sem ekki eru viðurkenndar. Varanlegt auðkenni myndaðara hunda skal staðfest af dýralækni/starfsmanni dýralæknastofu við myndatöku. Hundeigendur þurfa að senda niðurstöður til skrifstofu HRFÍ. Niðurstöður mjaðma- og olnbogamynda eru skráðar í ættbók.

Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með alvarlegt mjaðma- eða olnbogalos, HD gráðu E eða AD gráðu 3, fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundur með mjaðmagráðun (HD) C eða D (AD gráðun 1 eða 2), má aðeins para með hundi með A eða B gráðun (AD gráðun 0). Sækja má um undanþágu frá þessu til stjórnar HRFÍ vegna íslenska fjárhundsins, telji Deild íslenska fjárhundsins

pörun kyninu til framdráttar. Um íslenskan fjárhund gildir þó án undanþágu að rækta má undan C gráðun mjaðma á sama hátt og A og B gráðun.

3. Um öll hundakyn gildir að ekki skal rækta undan hundum með gallaða skapgerð, hundum sem fæðast holgóma, með alvarlega kjálka- eða tanngalla, sem eru blindir, heyrnalausir, með skarð í vör eða albinóar, hundum með flogaveiki, eineistungum eða rökkum þar sem annað eða bæði eistu hafa ekki gengið niður.

4. HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum dýralækna með sérþekkingu á augnsjúkdómum hunda, og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Þar sem augnskoðun ræktunardýra er krafa, gildir, nema annað sé tekið fram, að vottorð skal ekki vera eldra en 25 mánaða við pörun.

Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA), hvaða gerð sem er, er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu ekki sýktir af neinum PRA gerðum sem þekkt eru í kyninu. Þekktan PRA bera má einungis para við arfhreinan hund.

5. Þar sem reglurnar kveða á um að DNA prófa þurfi undaneldisdýr fyrir pörun, gildir eftirfarandi nema annað sé tekið fram um einstök hundakyn: Bera má einungis nota í ræktun á móti arfhreinum hundum. Sýktir hundar eru settir í ræktunarbann. Í þeim tilvikum þar sem báðir foreldrar eru með DNA niðurstöður friir (Normal/Clear, N/C), telst afkvæmi arfhreint fyrir þeirri gerð (Normal/Clear by Parentage, N/C/P). DNA prófa þarf næstu kynslóð á eftir.

6. Óheimilt er að para saman tvo hunda af merle- eða harlekin litaafbrigðinu. Afkvæmi úr slíkri pörun eru ekki ættbókarfærð.

7. Þar sem krafist er hnéskeļjavottorðs undaneldisdýra, gildir, nema annað sé tekið fram, að dýralæknir skal votta um heilbrigði hnéskeļja fyrir pörun, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.

8. Þar sem krafa er gerð um hjartavottorð, gildir, nema annað sé tekið fram, að vottorð skal stafa frá dýralækni sem hlotið hefur þjálfun í að greina hjartamurr hjá hjartasérfræðingi. Niðurstaða skal kunn fyrir pörun og skal notast við eyðublað frá HRFÍ við útgáfu vottorðsins.

9. Skottlengd skal skrá með eftirfarandi hætti í ættbók þar sem það á við: NBT-S (skottlaus, 0-3 liðir), NBT-M (stubbaskott, 4-7 liðir), NBT-L (a.m.k. 8 liðir en ekki full lengd), LT (skott í fullri lengd), DOC (skottstíffður).

10. Um öll hundakyn gildir að ótegundartýpíska liti skal merkja með X í litaskráningu og eftir atvikum með ræktunarbanni, sbr. grein 2.7.

11. Reglur um einstök hundakyn, flokkuð eftir tegundarhópum:

TEGUNDAHÓPUR 1

AUSTRALIAN CATTLE DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

AUSTRALIAN SHEPHERD

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

BEARDED COLLIE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

BELGIAN SHEPHERD DOG

Skráning feldgerða: G (Groenendael), L (Laekenois), M (Malinois), T (Tervueren).

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð.

BERGER DE BEUCE

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

BORDER COLLIE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

BOUVIER DES FLANDRES

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð.

BRIARD

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

COLLIE ROUGH

Undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu þörun.

Augnvottorð gildir ævilangt.

Undaneldisdýr skulu vera mjaðmamynduð.

Sable hvolpur úr þörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstaða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

COLLIE SMOOTH

Undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu þörun.

Augnvottorð gildir ævilangt.

Undaneldisdýr skulu vera mjaðmamynduð.

Sable hvolpur úr þörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstaða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

GERMAN SHEPHERD DOG

Skráning feldgerða: LC (long and harsh outer coat), DC (double coat). Para má saman feldgerðir. Skrá skal hvolp með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við ættbókarskráningu. Það feldafbrigði sem dómari telur hund vera á fyrstu sýningu eftir 9 mánaða aldur, er endanlegt, sjá sýningareglur.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

OLD ENGLISH SHEEPDOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

POLISH LOWLAND SHEEPDOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

POLISH TATRA SHEEPDOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

PULI

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

SHETLAND SHEEPDOG

Undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu þörun.

Augnvottorð gildir ævilangt.

Sable hvolpur úr þörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstaða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

WELSH CORGI CARDIGAN

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna rcd3-PRA.

WELSH CORGI PEMBROKE

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

WHITE SWISS SHEPHERD DOG

Skráning feldgerðar: M (medium length coat), L (long coat).

Undaneldisdýr skulu vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

TEGUNDAHÓPUR 2

BERNESE MOUNTAIN DOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

BOXER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

BULLMASTIFF

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

CONTINENTAL BULLDOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð.

DANISH-SWEDISH FARMDOG

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamamynduð.

DOBERMANN

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos C, D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðmamamyndatöku er 18 mánuðir.

DOGUE DE BORDEAUX

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

ENGLISH BULLDOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð.

GERMAN PINSCHER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

GIANT SCHNAUZER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

GREAT DANE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Forðast skyldi að para harlekin lit við annan en svartan og að para bláan lit við annan en bláan og svartan.

LEONBERGER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

MINIATURE PINSCHER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

MINIATURE SCHNAUZERE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal vegna PRA-B.

Lágmarksaldur við þörun er 20 mánuðir.

NEWFOUNDLAND

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

PYRENEAN MOUNTAIN DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

ROTTWEILER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

ST. BERNARD

Skráning feldgerðar: S (short-haired), L (long-haired). Para má saman feldgerðir. Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð. Lágmarksaldur í mjaðmamyndatöku er 18 mánuðir.

Ekki er ráðlagt að para saman hunda sem báðir hafa greinst með entropian/ectropian.

SCHNAUZER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

SHAR PEI

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

TEGUNDAHÓPUR 3

AIREDALE TERRIER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð

BEDLINGTON TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna Copper Toxicosis og ræktunarbann er á hunda sem geinast með sjúkdóminn.

BULL TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

Para má við Miniature bull terrier, í þeim tilvikum þarf Bull terrier foreldri að vera DNA prófð vegna Primary Lens Luxation (PLL) líkt og miniature foreldrið. Afkvæmi úr slíkum gotum skal skrá sem Miniature bull terrier. Endanleg stærð er ákvörðuð á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

MINIATURE BULL TERRIER

Para má við Bull terrier, afkvæmi úr slíkum gotum skal skrá sem Miniature bull terrier. Endanleg stærð er ákvörðuð á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

DNA prófa þarf undaneldisdýr vegna Primary Lens Luxation (PLL) og ræktunarbann er á hunda sem geinast með sjúkdóminn.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

JACK RUSSELL TERRIER

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeļjavottorð.

GERMAN HUNTING TERRIER

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna Primary Lens Luxation (PLL) og Von Willebrand disease, type 1 og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdómana.

YORKSHIRE TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lámarksaldur tíka við þörun er 20 mánuðir.

TEGUNDAHÓPUR 4

DACHSHUND

Skráning stærðarflokka (brjóstummál): S (standard, rakkar: yfir 37 cm til 47 cm. Tíkur: yfir 35 cm til 45 cm). M (miniature, rakkar: yfir 32 cm til 37 cm. Tíkur: yfir 30 cm til 35 cm). R (rabbit, rakkar: yfir 27 cm til 32 cm. Tíkur: yfir 25 cm til 30 cm). Ræktandi skráir þá stærð sem hann telur hvolp vera við ættbókarskráningu. Endanleg stærð ákvarðast á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

Skráning feldgerða: S (smooth), W (wire), L (long). Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók. Endanleg feldgerð er ákvörðuð á fyrstu sýningu eftir 9 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

Para má á milli afbrigða, þó aldrei merle og merle litaafbrigði og forðast skyldi þörun á wire og long feldgerð.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lámarksaldur miniature og rabbit tíka við þörun er 20 mánaða .

TEGUNDAHÓPUR 5

ALASKA MALAMUTE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgenga starblindu (hereditary cataract).

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

AMERICAN AKITA

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

BASENJI

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir Fanconi Syndrome og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

CHOW CHOW

Skráning feldgerðar: R (rough), S (smooth). Para má saman feldgerðir. Ræktandi skráir hvolp í ættbók með þá feldgerð sem hann telur hvolpa hafa.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

FINNISH LAPPONIAN DOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

GERMAN SPITZ/GIANT, MEDIUM, MINIATURE, TOY (POMERANIAN)

Skráning stærðarflokka: G (giant/grossspitz, 45cm +/- 5cm), MED (medium/mittelspitz, 35cm +/- 5cm), MIN (miniature/kleinspitz, 27cm +/- 3 cm), TOY (Pomeranian, 21 +/- 3cm).

Fyrir minature/kleinspitz og toy/Pomeranian gildir að undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur miniature/kleinspitz og toy/Pomeranian tíka við pörun er 20 mánuðir.

GERMAN SPITZ/KEESHOND

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 7 ára aldur, gildir ævilangt að því tilskyldu að undaneldishundur hafi tvisvar áður verið augnskoðaður án athugasemda eða augnsjúkdóma. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) mun hann verða skráður í ræktunarbann. Undanskilið ræktunarbanni er anterior polar cataract, en para verður við hunda sem standast augnskoðun án athugasemda eða augnsjúkdóma.

SAMOYED

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

SHIBA INU

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð. Skal framkvæma gonioscopy skoðun í augnskoðun.

SIBERIAN HUSKY

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Vottorð dagsett fyrir 3gja ára aldur hunds gildir í 18 mánuði, annars í 25 mánuði. Greinist hundur með starblindu (juvenile cataract) eða aðra arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

YAKUTSKAYA LAIKA

Undaneldisdýr skulu vera mjaðmamynduð.

WEST SIBERIAN LAIKA

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 6

DALMATIAN

Undaneldisdýr skulu BAER heyrnamæld. Hvorugt má vera heyrnalaust. Ef annað foreldri er heyrnaskert, skal hitt vera með óskerta heyrn.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

RHODESIAN RIDGEBACK

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 7

BRITTANY SPANIEL

Skottlengd skal skráð.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

ENGLISH POINTER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

ENGLISH SETTER

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir LO PRA – rcd4.

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir Neuronal Ceroid-Lipofuscinosis (NCL) og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

GERMAN SHORT-HAIRED POINTING DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

GERMAN WIRE-HAIRED POINTING DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

GORDON SETTER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynđuð.

HUNGARIAN SHORT-HAIRED VIZSLA

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

IRISH RED SETTER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðmamynđuð.

Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

ITALIAN POINTING DOG

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynđuð.

ITALIAN SPINONE

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynđuð.

PUDELPOINTER

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

WEIMERANER

Skottlengd skal skráð.

Skráning feldgerðar: S (short-haired), L (long-haired). Para má saman feldgerðir. Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

WIRE-HAIRED POINTING GRIFFON KORTHALS

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynđuð.

TEGUNDAHÓPUR 8

AMERICAN COCKER SPANIEL

Undaneldisdýr skal hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) er hann skráður í ræktunarbann.

CHESAPEAKE BAY RETRIEVER

Undaneldisdýr skal hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

CURLY-COATED RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

ENGLISH COCKER SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal undaneldisdýr vegna prcd-PRA.

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna familial nephropathy (FN) og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna Cord1-PRA.

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna fucosidosis og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

FLAT-COATED RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

GOLDEN RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð fyrir GR_PRA1 og GR_PRA2.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

LABRADOR RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

LAGOTTO ROMAGNOLO

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

NOVA SCOTIA DUCK TOLLING RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðma-/olnbogagráðun D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

PORTUGUESE WATERDOG

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 9

BICHON FRISE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

BOSTON TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

CAVALIER KING CHARLES SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Ræktunarbann er á hundum sem greinast með starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), arfgenga starblindu (Hereditary Cataract) eða Retinal Dysplasia geographic/detached.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hjartavottorð, dagsett eftir 2½ árs aldur. Niðurstaða skal vera án hjartamurrs. Vottorð hunda yngri en 5 ára gildir í 6 mánuði en vottorð dagsett eftir 5 ára aldur gilda í 1 ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð dagsett eftir 6 ára aldur, má nota áfram þó þeir greinist með murr síðar. Vottorð dagsett eftir 7 ára aldur gildir ævilangt. Afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4ra ára aldur fara í ræktunarbann.

DNA prófa skal undaneldisdýr vegna Episodic Falling og Curly Coat og niðurstaða ljós fyrir þörun.

Ræktunarbann er á hunda sem greinast með annan eða báða sjúkdómana.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur undaneldisdýra er 2½ ár.

CHIHUAHUA

Skráning feldgerðar: S (smooth), L (long). Para má saman feldgerðir. Skrá skal hvolp með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við ættbókarskráningu.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

CHINESE CRESTED

Feldgerð powder puff skal skrá í ættbók með PP.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Hundar sem greinst hafa með retinopathy (Pigmentary chorioretinopathy) fara í ræktunarbann.

Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

CONTINENTAL TOY SPANIEL (PAPILLON/PHALÉNE)

Skráning afbrigða í ættbóki: P (Papillon) ef eyru eru upprétt, PH (Phaléne) ef eyru falla fram. Para má saman papillon/phalene. Hvolpa skal skrá þannig: Papillon undan tveimur papillon foreldrum, phaléne undan tveimur phalene foreldrum. Hvolpar úr papillon/phaléne þörun skulu skráðir það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu. Varðandi umskráningu á papillon/phalene, phalene/papillon, sjá sýningareglur.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir PRA 1.

Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

COTON DE TULEAR

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

FRENCH BULLDOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

GRIFFON

Skráning feldgerðar: Griffon Belge og Griffon Bruxelloise: R (rough), Petit Brabançon: S (short).
Afbrigði Griffon má para saman og skulu hvolpar skráðir sem það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu.
Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

HAVANESE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

JAPANSKUR CHIN

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

KING CHARLES SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

LHASA APSO

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

LITTLE LION DOG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

MALTESE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) má aðeins para hann við hund án cataracts.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

PEKINGESE

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.
Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

POODLE, STANDARD

Skráning stærðarflokks: S (standard).
Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.
Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

POODLE, MEDIUM/MINIATURE/TOY

Skráning stærðarflokka (hæð á herðakamb): MED (medium, yfir 35cm til 45 cm), MIN (miniature, yfir 28 cm til 35 cm), TOY (yfir 24 cm til 28 cm).

Auk parana innan stærða, má para MED með MIN og MIN með TOY. Skrá skal hvolp sem það stærðarabrigði sem foreldrar/stærri foreldri tilheyrir. Endanleg stærð skal ákvörðuð eftir mælingu á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur, sjá sýningareglur.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljaskoðun.

DNA prófa skal undaneldishunda vegna prcd-PRA.

Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

PUG

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

RUSSIAN TOY

Skráning feldgerðar: S (smooth-haired), L (long-haired). Para má saman feldgerðir. Hvolpur skal skráður með þá feldgerð sem ræktandi telur hann hafa við skráningu í ættbók.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

SHIH TZU

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

(Endurskoða skal kröfu um augnvottorð fyrir 1. janúar 2025 og án sérstakrar ákvörðunar stjórnar um framhald, fellur hún niður við það tímamark).

TIBETAN SPANIEL

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð.

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

TIBETAN TERRIER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna PRA (RCD4) og PRA3.

Einnig skal DNA prófa vegna PLL og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð.

TEGUNDAHÓPUR 10

SALUKI

Feldgerð: S (smooth), L (long).

Stjórn Hundaræktarfélagi Íslands er heimilt að gefa undanþágu frá ákvæðum í reglugerð um skráningu í ættbók.